



Borgarstjóri

Reykjavík, 12. maí 2025
MSS25050047

Fyrirhuguð ferð borgarstjóra til Japan

Fyrirhuguð er ferð borgarstjóra til Japan dagana 25. maí til 2. júní nk. Þar mun borgarstjóri taka þátt á sýningunni *World Expo* sem fram fer í borginni Osaka ásamt því að vera hluti af opinberri sendinefnd með forseta Íslands í tilefni af Íslandsdeginum 29. maí. Borgarstjóri mun jafnframt vera viðstödd dagskrá *Taste of Iceland* á vegum Íslandsstofu sem fram fer í Tókýó.

Ferðin er kostuð af Íslandsstofu sem greiðir flug og gistingu.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Dagskrá borgarstjóra vegna dvalar í Osaka og Tókýó.



Reykjavík

Ferð borgarstjóra Reykjavíkur til Japans

Borgarstjóri Reykjavíkur, Heiða Björg Hilmisdóttir mun í opinberri ferð sinni til Japans heimsækja borgirnar Tókýó og Ósaka.

Borgarstjóri tekur þátt í sendinefnd forseta Íslands í Ósaka á heimsýningunni. Aðalþema heimssýningarinnar 2025 í Ósaka er „Designing Future Society for Our Lives“ og byggist hún á hugmyndafræðinni „People’s living lab“.

Ferðin til Japans felur í sér fjölbreytta dagskrá með áherslu á alþjóðlega tengslamyndun, kynningu á íslenskri menningu, auk þátttöku á málþingi um jafnrétti sem og viðburðum sem tengjast jafnrétti og skapandi greinum.

Í ferðinni mun borgarstjóri funda með við fjölmörgum aðilum og fyrirtækjum.

Fundir með aðilum úr atvinnulífi og skapandi greinum

B2B vinnustofa með íslenskum og japönskum fyrirtækjum í ferðaþjónustu.

Fundur með Dentsu sem er auglýsingastofa/framleiðslufyrirtæki ásamt fulltrúum frá Film in Iceland og Record in Iceland um kvikmyndaborgina Reykjavík.

Þátttaka í móttöku Film in Iceland & Record in Iceland. Hér flytur borgarstjóri ávarp.

Heimsókn til Tama City, vinaborgar Reykjavíkur.

Fundur með borgarstjóra Tama. Kynning á borginni og menningarviðburðum.

Þátttaka á EXPO 2025 í Ósaka.

Á þjóðardegi Íslands í sameiginlegum skála allra Norðurlanda á EXPO 2025 mun borgarstjóri:

- Taka þátt í friðarviðburði í skála Sameinuðu þjóðanna.
- Opna bókmenntaviðburði í Norræna skálanum.
- Taka þátt í jafnréttismálþingi.
- Taka þátt í hádegismóttöku í Norræna skálanum.
- Vera viðstödd „Pizzatime“ gjörning í Norræna skálanum.
- Taka þátt í setningu þjóðardags og menningardagskrá í Main EXPO Hall.
- Heimsækja japanska skálann og fleiri.
- Taka þátt í hátíðarkvöldverði í boði EXPO ásamt Höllu Tómasdóttir forseta Íslands.

Menningarhátíðin Taste of Iceland Tokyo

Þátttaka í Taste of Iceland menningarhátíðinni í Tokyo. Ásamt þátttaku í fjölmiðlamóttöku í tengslum við Taste of Iceland.

- Myndlistarsýning opnuð – ávarp borgarstjóra.
- Bókmenntaviðburður með Rán Flygenring og Shohei Akakura.
- Tónleikar Iceland Music með Ásgeir og JFDR.
- „Pizzatime“ gjörningur með Studio Flétta & Ýrurari.
- „Artist Talk“ með listamönnum og sýningarstjóra.
- Norðurljósaviðburður með Sævari Helga.
- Kvöldverður með japönskum listamönnum á Kimpton Hotel.

Málþing um jafnrétti

Think Gender Forum – Asahi fjölmiðlaviðburður

Viðburðurinn er í tveimur hlutum:

1. Samtal við 9 japanskar þingkonur
– Um áskoranir kvenna í stjórnámálum.
2. Samtal við ungt fólk í Japan
– Nemendur kynna niðurstöður könnunar. Borgarstjóri og forseti sitja í áhorfendasæti og taka svo þátt í umræðum og flytja stutt ávarp áður en spurningar frá ungmönnum hefjast.